

Skipulagsstofnun,
Borgartúni,
105 Reykjavík.

26. nóvember 2024

Fuglaverndarfélag Íslands, einnig þekkt sem *Fuglavernd*, kt. 500770-0159, Reykjavík, og *Náttúrugrið*, kt. 490721-0960, Reykjavík hafa falið undirrituðum lögmanni að leggja fram stjórnsýsluerindi þetta til Skipulagsstofnunar.

Atvik og röksemdir

Með fjórum tengdum ákvörðunum undanfarin misseri hefur sveitarfélagið Norðurþing veitt tveimur lögaðilum, fyrst sjálfseignarstofnuninni *Kolviði*, kt. 560606-1170, Reykjavík, og síðar einkahlutafélaginu *Yggdrasil Carbon ehf.*, kt. 480620-2080, Egilsstöðum, framkvæmdaleyfi fyrir stórtækri skógrækt á jörðunum Saltvík, sem er í eigu sveitarfélagsins, og Þverá. Nokkur fjölmiðlaumfjöllun varð um framkvæmdir síðarnefnda félagsins síðsumars og óskaði Fuglavernd eftir öllum gögnum þess máls hjá Norðurþingi, stjórnarformaður birti [pistil](#) 19. ágúst 2024 og Náttúrugrið freistuðu þess á sama tíma að fá leyfisveitingarnar ógiltar, með kærnum dagsettum 21. og 26. ágúst 2024.

Í samþykktum Fuglaverndar er kveðið á um tilgang félagsins, sem er verndun fugla og búsvæða þeirra, með áherslu á tegundir í hættuflokkum á íslenskum eða alþjóðlegum válistum, auk tegunda sem teljast til ábyrgðartegunda Íslands eða eru lykiltegundir. Náttúrugrið standa samkvæmt samþykktum sínum vörð um líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni í náttúru Íslands.

Í kjölfar þess að úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, sem starfar á grundvelli laga nr. 130/2011, vísaði kæru Náttúrugriða frá með úrskurði uppkveðnum 31. október 2024 í *máli nr. 89/2024 Saltvík og Þverá*, ákvað stjórn Fuglaverndar að óska eftir því við undirritaða að ég leitaði fyrir hönd samtakanna til Skipulagsstofnunar, vegna eftirlitshlutverks hennar skv. 4. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Síðar óskaði stjórn Náttúrugriða hins sama, og er erindi þetta sent sameiginlega fyrir hönd beggja samtaka.

Erindi þetta er sent Skipulagsstofnun með vísan til eftirfarandi ummæla úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í fyrrgreindum úrskurði:

Sjónarmið [...] í þessu máli gefur tilefni til almennrar ábendingar um mikilvægi þess að við undirbúning ákvarðana um leyfi til framkvæmda sé gætt að þeim skyldum sem hvíla á sveitarstjórn að tryggja að framkvæmdaraðili tilkynni um framkvæmdir til Skipulagsstofnunar þegar þær eru taldar líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar. Til þess er að líta að eðli máls samkvæmt er skógrækt í reynd langtímaverkefni sem varir meðan skógur stendur. Geta ólík skógræktarverkefni falið í sér samlegðaráhrif, séu þau nálægt hvert öðru. Þá komu fram í umsögn Náttúrustofu Norðausturlands athugasemdir sem vörðuðu verndargildi þeirra svæða sem voru til umfjöllunar í hinum kærðu ákvörðunum. Af afgangi sveitarstjórnar í máli þessu við undirbúning ákvarðananna verður ekki ráðið að hún hafi fjallað nægilega um umhverfisáhrif þeirra í ljósi framanrakins. Í þessari almennu ábendingu felst ekki afstaða til þess hvort skylt hefði verið að tilkynna um áform framkvæmdaraðila til Skipulagsstofnunar. Er loks bent á að verði ekki

vandað til málsmeðferðar við tilvik sem þessi getur skapast sú hætta að frjáls félagasamtök, sem vinna að umhverfisvernd, hafi ekki tækifæri til þess að sinna samfélagslegu hlutverki sínu við gæslu almannahagsmuna.

Með gildistöku laga nr. 111/2021 var felld brott ákvæði sem var í 6. gr. áðurgildandi laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum um að unnt væri að bera fram fyrirspurn til Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar. Verður ekkert talið standa því í vegi að slík fyrirspurn verði borin upp við stofnunina á óskráðum grundvelli, enda fer hún með framkvæmd laga nr. 111/2021 og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim, sem og ráðgjafar- og leiðbeiningarhlutverk, sbr. 6. gr. laganna. Er stofnuninni jafnframt heimilt skv. 32 gr. laga nr. 111/2021 að leggja stjórnvaldssektir á framkvæmdaraðila sem hefur hafið framkvæmd sem fellur í flokk B skv. 1. viðauka án þess að tilkynna hana til ákvörðunar um matsskyldu, en slík ákvörðun verður aðeins borin undir dómstóla, sbr. 5. mgr. 32. gr. laganna.

Með vísan til atvika máls, meðfylgjandi gagna og tilvitnaðra ummæla úrskurðarnefndarinnar, beina umbjóðendur mínir í fyrsta lagi þeirri fyrirspurn hér með til Skipulagsstofnunar hvort þær framkvæmdir sem voru andlag fyrrgreinds stjórnssýslumáls séu matsskyldar.

Í öðru lagi vilja umbjóðendur mínir af sama tilefni beina því til Skipulagsstofnunar að hún leggi eftir atvikum stjórnvaldssektir á umrædda framkvæmdaraðila báða eða annan, með vísan til heimildar í 32 gr. laga nr. 111/2021.

Telja umbjóðendur mínir, að málið hafi fordæmisgildi að því er varðar skyldu fyrirtækja til að beina matsskyldufyrirspurn til Skipulagsstofnunar þegar um er að ræða áform um umfangsmikla skógrækt í atvinnuskyni til kolefnisjöfnunar, eins og lesa má um á vefsíðu einkahlutafélagsins Yggdrasils Carbon. Þetta eigi við í tilvikum þar sem ekki sé endilega náð þröskuldsviðmiði laga nr. 111/2021, heldur sé um verndarsvæði að ræða skv. lokamálslið 1. mgr. 18. gr. laganna, þ.e. *um framkvæmdir sem eru að umfangi undir viðmiðunarmörkum í flokki B í 1. viðauka ef þær eru fyrirhugaðar á verndarsvæði, sbr. iii. lið 2. tölul. 2. viðauka.* Þetta telja samtökin sem að þessu erindi standa að hafi verið raunin um þau leyfi sem gefin voru út hinn 9. júní 2020 til Kolviðar og 4. apríl, 27. júní og 15. ágúst 2024 til Yggdrasils Carbon ehf.

Umbjóðendur mínir taka fram, að af gögnum fyrrgreinds stjórnssýslumáls má ráða, að athugasemdir Náttúrustofu Norðausturlands fyrir tæpu ári síðan bárust til leyfisveitanda, sem með réttu bar að kynna þau sjónarmið fyrir framkvæmdaraðila til andmæla. Ekki verður annað ráðið af atvikum en framkvæmdaraðilum hafi mátt vera kunnugt um að þau atvik væru uppi í málunum að framkvæmdaáform þeirra féllu í flokk B skv. 1. viðauka laga nr. 111/2021 og skylt væri samkvæmt lögunum að beina svokallaðri matsskyldufyrirspurn til Skipulagsstofnunar. Ekki verður séð að neinar réttmætar væntingar framkvæmdaraðilanna hafi staðið til þess að framkvæmdirnar féllu ekki undir viðaukann, ekki síst þegar litið er til eðlis starfsemi þeirra beggja og hinna mörgu matsskylduákvæðana sem Skipulagsstofnun hefur tekið vegna skógræktar, sbr. neðangreint yfirlit 22 mála, tekið úr gagnagrunni stofnunarinnar á vef hennar:

Framkvæmd	Ákvörðun
Skógræktarframkvæmdir í Selárdal, Vopnafirði	11.07.2024 - Framkvæmd ekki háð mati
Skógrækt á Fellsströnd	01.07.2024 - Framkvæmd ekki háð mati
Skógrækt í landi Litlu-Borgar	10.06.2024 - Framkvæmd ekki háð mati
Skógrækt í Álfadal, Álfheimum og Skógarbrekkum	11.03.2024 - Framkvæmd ekki háð mati
5.500 ha skógræktaráform í Ljárskógum í Dölum, Dalabyggð	05.01.2024 - Framkvæmd háð mati
Skógrækt í landi Alviðru undir Ingólfsfjalli	13.03.2023 - Framkvæmd ekki háð mati
Skógrækt í landi Ytri-Bægisár II, Hörgársveit (lög 106/2000)	05.02.2021 - Framkvæmd ekki háð mati
Skógrækt í landi Fagranes, Hörgársveit (lög 106/2000)	05.02.2021 - Framkvæmd ekki háð mati
Skógrækt í landi Hallfríðarstaða, Hörgárdal (lög 106/2000)	23.06.2020 - Framkvæmd ekki háð mati
Skógrækt í landi Háls í Öxnadal, Hörgársveit (lög 106/2000)	11.06.2020 - Framkvæmd ekki háð mati
Skógræktaráform í landi Fremri-Hvestu, Arnarfirði (lög 106/2000)	19.05.2020 - Framkvæmd ekki háð mati
Skógrækt í landi Engimýrar í Öxnadal (lög 106/2000)	15.01.2019 - Framkvæmd ekki háð mati
Skógrækt í landi Geirhildargarða í Öxnadal (lög 106/2000)	28.09.2018 - Framkvæmd ekki háð mati
Þorláksskógar, skógrækt á Hafnarsandi, Ölfusi (lög 106/2000)	21.02.2018 - Framkvæmd ekki háð mati
Skógrækt í landi Garðs II, Skútustaðahreppi (lög 106/2000)	06.02.2013 - Framkvæmd ekki háð mati
Skógrækt og landgræðsla í Selfjalli við Lækjarbotna, Kópavogi (lög 106/2000)	29.04.2009 - Framkvæmd ekki háð mati
Skógrækt á um 25 ha á Jarlstöðum í Aðaldælahreppi (lög 106/2000)	25.10.2005 - Framkvæmd ekki háð mati
Skógrækt á um 230 ha svæði á jörðunum Skaftárdal I, II og III í Skaftárhreppi	11.03.2005 - Framkvæmd ekki háð mati
Allt að 415 ha skógrækt í landi Silfrastaða, Akrahreppi (lög 106/2000)	29.12.2004 - Framkvæmd ekki háð mati
Skógrækt á tæplega 400 ha svæði í landi Tungufells, Borgarfjarðarsveit (lög 106/2000)	27.05.2003 - Framkvæmd ekki háð mati
Skógrækt í landi Gautlanda, Skútustaðahreppi (lög 106/2000)	02.09.2002 - Framkvæmd ekki háð mati
Skógrækt í landi Litlustrandar, Skútustaðahreppi (lög 106/2000)	02.09.2002 - Framkvæmd ekki háð mati

Að öðru leyti er vísað til þess sem fram kemur í fyrrgreindum kærum Náttúrugriða um þar tilvitnuð gögn, sem aðgengileg eru rafrænt og í meðfylgjandi gögnum. Óski Skipulagsstofnunar frekari upplýsinga vinsamlega hafið samband við undirritaðan lögmann.

Hjálögð eru eftirtalin gögn úr stjórnsýslumáli:

1. Kæra Náttúrugriða til úrskurðarnefndar, dagsett 21. ágúst 2024.
2. Viðbótarkæra Náttúrugriða til úrskurðarnefndar, dagsett 26. ágúst 2024.
3. Andmæli Yggdrasil Carbon ehf. til úrskurðarnefndar, dagsett 2. september 2024.
4. Andmæli Norðurþings til úrskurðarnefndar, dagsett 6. september 2024.
5. Svör Náttúrugriða við andmælum, dagsett 3. október 2024.

6. Umsögn Náttúrustofu Norðausturlands til Náttúrugriða, dagsett 14. október 2024.

Virðingarfyllst,
f.h. Fuglaverndar og Náttúrugriða eftir umboði,



Sif Konráðsdóttir, lögmaður
sif.konradsdottir@gmail.com
s. 859 8869